

virðist stefnandi hafa átt að gera, ef hann taldi verzlunina eiga að greiða kröfuna. Verður stefndur því algerlega sýknaður í málinu, en eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 22. maí 1935.

Nr. 170/1934. Réttvísing (Bjarni Þ. Johnson)
 gegn

Magnúsi Vilhelmssyni, Hallfríði Kristínu Guðmundsdóttur og Jóni Reinhard Jóhannssyni (Lárus Jóhannesson).

Þjófnaður.

Dómur aukaréttar Skagafjarðarsýslu 28. febrúar 1934:
 Hinir ákærðu, Magnús Vilhelmsson og Jón Reinhard Jóhannsson, sæti, hvor um sig, betrunarhússvinnu, Magnús í 13 mánuði en Jón í 7 mánuði.

Ákærða, Hallfríður Kristín Guðmundsdóttir, sæti 25 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Fullnustu refsingar þeirra Jóns Reinhards Jóhannssonar og Hallfríðar Guðmundsdóttur skal frestað og hún falla niður, nema þau innan 5 ára frá uppsögn dóms þessa sæti ákæru í opinberu máli fyrir glæp drýgðan af ásettu ráði og séu í því máli dæmd til þyngri refsingar en sekta.

Hinir ákærðu, Magnús Vilhelmsson og Jón Reinhard Jóhannsson, greiði in solidum til Kaupfélags Fellshrepps í Hofsósi kr. 95,65 í iðgjöld, en ákærður Jón Reinhard Jóhannsson greiði Gísla Benjamínssyni verzlunarmanni í Hofsós kr. 1.50 í iðgjöld.

Þá greiði ákærðu, Magnús Vilhelmsson og Hallfríður Kristín Guðmundsdóttir in solidum, gæzluvarðhaldskostnað sinn og skipuðum talsmanni sínum síra Pálma Þóroddssyni í Hofsósi 30 krónur í málsvarnarlaun.

Svo greiði og Jón Reinhard Jóhannsson skipuðum talsmanni sínum, Jóni hrepsptjóra Konráðssyni í Bæ, 25 krónur í málsvarnarlaun.

Allan annan af málinu löglega leiddan og leiðandi kostnað greiði öll hin ákærðu in solidum.

Ídæmd iðgjöld greiðist innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Stuldur hinna ákærðu, Magnúsar Vilhelmssonar og Jóns Reinhards Jóhannssonar úr sölubúð Kaupfélags Fellshrepps á Hofsósi er ein þeirra athafna, sem lýst er í 4. lið 231. gr. almennra hegningarlaga, en að öðru leyti tekur 6. gr. laga nr. 51/1928 til þeirra athafna, sem þeim er gefin sök á í máli þessu. Þykir refsing ákærða Magnúsar hæfilega ákveðin eftir 6. og 7. gr. laga nr. 51/1928, sbr. 55. og 63. gr. hegningarlaganna, 6 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Hegning ákærða, Jóns Reinhards, þykir hæfilega ákveðin, eftir áðurnefndum lagagreinum og með hliðsjón af 38. gr. hegningarlaganna, 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Og loks þykir mega staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms um fangelsisvist ákærðu Hallfríðar Guðmundsdóttur. Það þykir og mega fallast á það, að refsing ákærðu Jóns Reinhards og Hallfríðar verði skilorðsbundin samkvæmt lögum nr. 39/1907.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu iðgjalda og málskostnaðar í héraði ber að staðfesta. Svo greiði öll hin ákærðu in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 100 krónur til hvors.

Héraðsdómarinn hefir dæmt ákærða Jón Reinhard í 7 mánaða betrunarhússvinnu, en eftir 12. gr. hegningarlaganna er það óheimilt.

Dráttur sá, er orðið hefir á flutningi máls þessa fyrir hæstarétti, er ákveðinn var upphaflega 4. febr. síðastl., stafar af veikindum verjanda málsins.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Magnús Vilhelmsson sæti 6 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærði Jón Reinhard Jóhannsson sæti 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, og ákærða Hallfriður Kristín Guðmundsdóttir 25 daga samskonar fangelsi. En fresta skal fullnustu refsingar þeirra beggja, og niður skal hún falla að 5 árum liðnum, ef skilorð laga nr. 39/1907 verða haldin.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu iðgjalda og sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð. Öll hin ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Bjarna P. Johnson og Lárusar Jóhannessonar, 100 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af réttvisinnar hálfu gegn Magnúsi Vilhelmssyni, búanda í Svinavallakoti í Hofshreppi, Hallfriði Kristínu Guðmundsdóttur, bústýru hans, sama staðar, og Jóni Reinhard Jóhannssyni í Bjarnastaðagerði í Hofshreppi, fyrir brot gegn 23. kapitula hinna alm. heg-

ingarlaga frá 25. júní 1869 og lögum nr. 51 frá 7. maí 1928, um nokkrar breytingar til bráðabirgðar á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.

Málavextir eru þeir er nú skal greina, sannaðir með eigin játningu ákærðra, er kemur heim við það sem á annan hátt er upplýst í málinu, og verður þeim sameiginlega lýst að því er snertir hina ákærðu, Magnús Vilhelmsson og Jón Reinhard Jóhannsson, þareð þeir hafa drýgt afbrot sín í félagi og með samtökum að mestu leyti.

Skömmu eftir veturnætur 1932, voru ákærðir Magnús Vilhelmsson og Jón R. Jóhannsson báðir staddir í Hofsós, að kvöldi dags. Hittust þeir þar á götunni í nánd við hús Gísla Benjamínssonar, verzlunarmanns í Hofsósi, á þann hátt, að Magnús gekk þar fram á Jón er hafði staðnæmst þar til að virða fyrir sér planku, er lá úti hjá húsinu, en Jón langaði til að eignast plankann. Hafði hann orð á þessu við Magnús, er hann bar þar að. En í þeim klíðum kom Magnús auga á járn pípu, ca. 3 metra langa og 3—4 cm. að þvermáli, er var þar einnig hjá húsinu. Stakk Magnús þá upp á því við Jón, að þeir skyldu stela munum þessum og sækja þá seinna. Hafði Jón á móti uppástungunni fyrst í stað. Er það upplýst að hann þá sama kvöldið fór á fund Baldvins Ágústssonar, verkamanns þar í kaptúninu, sagði honum frá plankanum og bað hann um að ná kaupum á honum fyrir sig. Gerði Baldvin þetta og afhenti Jóni plankann löngu síðar. — Myrkt var um kvöldið er Jón og Magnús hittust, og urðu þeir samferða heimleiðis frá Hofsósi þá um kvöldið eða nóttina. Braut Magnús þá aftur upp á hinu sama, að þeir skyldu stela ofangreindum munum. Varð það þá úr, að þeir urðu ásáttir um að stela munum þessum. Var það hér um vil viku síðar að þeir fóru að heiman á næturþeli. Riðu þeir þá ofan í Hofsós, beint í þeim tilgangi að stela mununum. En er þeir komu á vettvang var plankinn horfinn en járn pípan lá þar ásamt umbúðarkassa úr timbri. Tóku þeir muni þessa. Skiptu þeir þýfinu svo að Magnús fór heim til sín með pípunu, en Jón fékk kassann. Þó átti Jón að hljóta hluta af pípunni, en aldrei varð af framkvæmdum um þau skipti.

Þegar liða tók á ofangreindan vetur, bað Magnús Jón þess eitt sinn er þeir hittust, að athuga hvernig auðið væri, með hægu móti, að komast inn í verzlunarbúð Kaupfélags

Fellshrepps í Hofsósi. Gerði Jón þetta, og virðist af því, sem upplýst er í prófunum, að hugur þeirra á að stela úr búðinni hafi smáaukist.

Laugardaginn 25. marz var Jón í Svínavallakoti í vinnu hjá Magnúsi. Hafði Jón þá athugað hvernig auðvelt væri að komast inn í Kaupfélagsbúðina í Hofsósi, og sagt Magnúsi að eigi þyrfti annars með en að taka rúðu úr búðarglugganum. Bundust þeir þá samtökum um að fara þá til Hofsóss og inn í búðina til þess að stela þaðan því sem þeir næðu. Skömmu eftir háttatíma þá um kvöldið, lögðu þeir af stað í ferð þessa. Voru þeir báðir riðandi og höfðu auk þess hest fyrir sleða, í taumi, er Magnús lagði til ferðarinnar, undir væntanlegan afla. Dimmt var af nóttu og tunglskinslaust er þeir komu í Hofsós. Skildu þeir hestana og sleðann eftir í hvamminum upp með Hofsá — upp frá kaupfélags hússins. Við norðurgafli hússins er áfastur skúr með flötu þaki. Skreið Jón upp á skúrþakið og plokkaði með vasahníf sínum (sjálfskeiðing) rúðu úr vesturglugganum á norðurgafli hússins. Var rúðan ókittuð í gluggann og aðeins fest með nokkrum gluggastiftum. Skreið hann síðan gegnum rúðuopið inn í búðina, og tók að bera þaðan eftirgreinda hluti, er hann fór með út um gluggann, og lagði út á skúrþakið og rétti síðan Magnúsi, sem tók við þeim við þakbrúnina. Hafði hann húkt undir skúrhliðinni meðan þessu fór fram. Bar hann því við að hann myndi of þrekinn til að skriða inn um rúðuopið. Ekki kveikti Jón ljós meðan hann var í búðinni og varð þar einskis manns var enda var þetta um hánótt. En báðum var þeim kunnugt um að margt fólk bjó í húsinu og sofið var uppi á loftinu. Þessu stálu þeir félagar úr búðinni: Hér um bil 10 kilo af strásykri, 2½ kg. kaffibætir, 10 stykki af hand-sápu, 4 pökkum af þvottadufti, 1 stranga af fóðurtaui, ca. 18 m., 1½ m. af annari tautegund, 4 smábútum í ýmsum litum, einum drengjanærfötum, 1 nærskyrtu, 1 kassa með hnoðsaumsróm, kr. 7.80 í peningum úr opnum vindlakassa, sem var í ólæstu skrifpúlti úr búðinni. Auk þessa stálu þeir einnig úr búðinni sítuðu skinni, er lá í umbúðum á búðarborðinu. Átti skinn þetta að fara að Hólum í Hjaltadal, og var ekki eign Kaupfélagsins, en lá til geymslu í búðinni, en að öðru leyti var allt hið stolna eign þess.

Er þeir félagar höfðu komið öllum hinum stolnu munum niður á götuna, létu þeir þá í poka sína og héldu upp í hvamminn til hestanna. En þar bjuggu þeir um þýfið á sleðanum og héldu síðan rakið heim að Svínavallakoti. Þar skiptu þeir þýfinu með sér skömmu síðar, til helminga, eða því sem næst og flutti Jón sinn helming heim til sín á sumardaginn fyrsta, sem bar upp á 20. apríl. Hafði Magnús nokkru áður gert sér ferð til Sauðárkróks í þeim tilgangi að svo mætti sýnast, sem hann hefði keypt hina stolnu muni þar, svo enginn grunur félli á þá Jón um þjófnaðinn. En um framangreindan þjófnað kvisaðist ekkert út um sveitina því kaupfélagsstjórinn í Hofsósi hélt honum leyndum í því skyni að hægja yrði að rannsaka málið í kyrþey. Var kæra um innbrotspjófnað þennan fyrst afhent lögreglunni 28. september síðastl., en rannsókn út af eftirgreindum afbrotum ákærðu hafði þá verið byrjuð daginn áður.

Í síðastl. septembermánuði hafði Sveinn bóndi Símonarson á Hugljótsstöðum í Hofshreppi, fjárhús í byggingum. Hafði Sveinn viðað að sér timbri til byggingarinnar og lá efniviður þessi úti, sumpart við fjárhústóftina en sumpart heima við bæjarhúsin skammt þar frá. — Á aðfaranótt miðvikudagsins 20. september, var ákærði Jón R. Jóhannsson, einn sins liðs, á heimleið frá Hofsósi, en þangað hafði hann farið til fundar við föður sinn, sem stundaði þar sjóróðra. Lá leið Jóns um Hugljótsstaði. Tók hann þá ca. 9 feta langan fletting (bak) úr rekaviðarstaur, af ofangreindum efnivið. Var þetta um kl. 1 eftir miðnætti. Reidði hann spitu þessa á hnakknefinu heim til sín að Bjarnastaðagerði og notaði hana til áreftis yfir votheysgryfju. — Fimmtudaginn 21. september var ákærði Jón í vinnu hjá ákærða Magnúsi Vilhelmssyni heima þar í Svínavallakoti, og gengu þeir — tveir einir — saman að slætti. Bundu þeir þá samtök með sér, um að fara þá um nóttina, að slættinum loknum, að Hugljótsstöðum til þess að stela þar, af framangreindum efnivið. Lögðu þeir af stað, riðandi, nokkru eftir háttatíma og höfðu reiðingshest í taumi undir væntanleg föng sín. Nokkrum spöl sunnan Hugljótsstaða er bærinn Ljósstaðir. Liggur leiðin framan úr Unadalnum til Hugljótsstaða þar rétt fyrir ofan garð. Er þeir komu þar að túngarðinum, stakk Magnús upp á því, að

þeir skyldu fara þangað heim og ná sér í reipi, er hann vissi að voru geymd í smiðju bóndans, Jóns Björnssonar smiðs, sem þessa daga vann að fjárhússmiðinni á Hugljótsstöðum. Fóru þeir síðan heim á bæinn að Ljótsstöðum, en skildu hestana eftir ofan garðs. Á leiðinni heim að bænum komu þeir við í fjárhúsi, suður og upp af bænum. Fundu þeir þar lítinn glugga, er þeir tóku með sér. Gengu þeir síðan í smiðjuna sem var ólæst, og stálu þaðan einum reipum, 1 klaufhamri, þjöl, 1 sporjárn, 1 meitli, 4 skeifum, 2 orfhólkum, 1 múffu af vatnspípu, nokkru af 3" nöglum, 1 svipu og einni reipshögl. Ennfremur tóku þeir þarna poka, sem þeir létu muni þessa í. Á nagla í smiðjubílinu hékk tveggja hesta skefli með dráttartaumum, sem þeir einnig tóku. Að þessu loknu fóru þeir burt af bænum og skildu pokann með þýfinu eftir við túngarðshliðið, meðan þeir héldu ferðinni áfram til Hugljótsstaða, en tóku svo þýfið aftur á heimleiðinni. Nú halda þeir að Hugljótsstöðum og skildu reiðhesta sína eftir fyrir ofan garð, en höfðu reiðingshestinn heim með sér að fjárhúsinu, sem í smiðum var. Þaðan tóku þeir 11 plægð loftborð, tvö 10 fóta og níu 9 fóta $1'' \times 5''$, tvo klofninga af rekaviði og var viður, þessi úti við hústóftina. En inni í hústóftinni var saumur, nokkuð af 3ja, 4ra og 5 þuml. nöglum, og 2 handsagir og einn stór járnvinkill (hornmál) er þeir einnig tóku. Bundu þeir viðinn og annað þýfi í bagga upp á reiðingshestinn og fóru þá með allt saman heim í Svínavallakot. Ekki urðu þeir manna varir um nóttina, fólk var allt í fasta svefni. Vanst þeim ekki tími til að skipta þessu þýfi, með því að brátt var kært yfir þjófnadinið á Hugljótsstöðum, og rannsókn hafin er leiddi fljótt til þess, að uppvíst varð um allan framangreindan þjófnad þeirra. En svo virðist sem hvor þeirra um sig hafi gert ráð fyrir, að þessum afla þeirra yrði skipt til helminga, eins og því er þeir áður höfðu verið saman um að stela. Var viðurinn frá Hugljótsstöðum fyrst fólgin í fjárhúsi í Svínavallakoti. En þegar ákærði Magnús Vilhelmsson varð þess vísari að sýslumaðurinn var kominn í Hofsós, tók hann allt þýfið frá Ljótsstöðum og Hugljótsstöðum og urðaði það því nær allt í gili nálægt landamerkjum Svínavallakots og Bjarnastaðagerðis, en smiðatólin, sauminn ásamt ýmsu, sem eftir var í Svínavallakoti af þýfinu frá Hofsósi, fól hann upp í

fjallshliðinni upp og fram af bæ sínum, á milli steina og breiddi mosa yfir. Starfaði hann ásamt ákærðu Hallfriði K. Guðmundsdóttur, bústýru sinni, að því að fela þýfið, því ákærði Jón R. Jóhannsson synjaði honum um hjálp til þess. Var allt þetta þýfi grafið upp og afhent lögreglunni, og var því skilað til réttra eigenda er helguðu sér það. Voru allir þeir munir, sem stolið var frá Ljótssstöðum, eign bóndans þar, Jóns Björnssonar, en það sem stolið var frá Hugljótssstöðum, eign Sveins Símonarsonar bónda þar.

Ákærða Hallfriður K. Guðmundsdóttir, hefir viðurkent að hafa verið viðstödd er samákærðu Magnús og Jón skiptu með sér vörunum er þeir öfluðu með innbrotsþjófnaðinum frá Kaupfélagi Fellshrepps í Hofsósi. Er með eigin játningu hennar, sem kemur heim við annað, sem upplýst er í málinu, sannað, að hún vissi er skipti þessi fóru fram, að um stolna muni var að ræða. Veitti hún þeim hluta vörunnar, sem kom í hluta Magnúsar móttöku og notfærði sér nokkuð af hinni stolnu sápu og þvottaefni og allan sykurrinn og kaffibæturrinn, sem kom í hluta Magnúsar. Hafði hún þetta undir höndum, sem bústýra Magnúsar og nutu þau þess er notað var sameiginlega. Auk þess tók hún nokkuð af fóðurtaustranganum er stolið var í Hofsós, og litaði það fjólublátt. Voru það samantekin ráð þeirra Magnúsar, húsbónda hennar að lita klæðið til þess að dylja að það væri stolið. Notaði hún mestan hluta þess er hún litaði í pils handa sér, en bót er afgangs varð, 1.40 m. á lengd og 0.70 m. á breidd, fannst í kistli hennar í húsleit er lögreglan gerði í Svinavallakoti 28. sept. síðastl. eftir stolnum munum. Þá hefir hún játað að hafa hjálpað samákærðum Magnúsi með að fela og grafa niður þýfið frá Hugljótssstöðum og Ljótssstöðum. Vann hún að þessu með Magnúsi og sömuleiðis faldi hún með honum það sem eftir var í Svinavallakoti af hinni stolnu vöru frá Hofsósi, þegar rannsóknin hófst í máli þessu. Var henni fullkunnugt um að timbrið, saumurinn og smíðatólin voru stolin frá Hugljótssstöðum, og sama er að segja um hina stolnu muni frá Ljótssstöðum. Hinsvegar hefir ekki sannast á hana, að hún hafi stolið nokkru upp á eigin hönd og hefir hún þvertekið fyrir að svo hafi verið.

Ákærðu, Magnús Vilhelmsson og Hallfriður K. Guð-

mundsdóttir, sátu í gæzluvarðhaldi, Magnús í 5 daga og Hallfriður í 4 daga.

Verðmæti þess er stolið var úr sölubúð Kaupfélags Fells-hrepps í Hofsósi, er samkvæmt virðingu réttarins kr. 140.70, en af því hafa eigendunum verið afhentar vörur, er samkvæmt ofangreindri virðingu nema kr. 45.05, en eytt var og óskilað til Kaupfélags Fellsahrepps vörum er námu virðingarverði kr. 95.65. Hefir Kaupfélag Fellsahrepps krafizt iðgjalda fyrir það sem óskilað er. Þá hefir framannefndur Gisli Benjamínsson krafizt iðgjalda fyrir trékassa, er frá honum var stolið og er hann virtur af réttinum á kr. 1.50. Öllu öðru framangreindu þýfi hefir verið skilað til réttra eigenda, enda ekki aðrar iðgjaldakröfur fram komið í málinu en nú eru greindar.

Ákærðu Magnús Vilhelmsson, Hallfriður K. Guðmundsdóttir og Jón Reinhard Jóhannsson eru öll komin yfir lögaldur sakamanna. Magnús fæddur 29. október 1895, Hallfriður fædd 7. september 1882 og Jón Reinhard fæddur 16. júlí 1916, og hafa þau ekki áður sætt ákæru eða refsingu fyrir nokkuð afbrot.

Ákærða, Magnús Vilhelmsson, ber að réttarins álit, að skoða sem hvatamann að framangreindum þjófnaði í Hofsósi, er framinn var í vetrarbyrjun 1932 og að nokkru leiti einnig að innbrotsþjófnaðinum aðfaranótt sunnudagsins 26. marz f. á. Framantalin afbrot hans ber að réttarins álit að heimfæra undir 4. lið 231. gr. sbr. 55. gr. alm. hegningarlaga frá 25. júní 1869 og 1. mgr. 6. gr. laga nr. 51/1928 sbr. 63. gr. hegningarlaganna. Og með hliðsjón af 53. gr. sömu laga þykir refsing, er hann hefir unnið til, hæfilega ákveðin 13 mánaða betrunarhússvinna.

Ákærður, Jón Reinhard Jóhannsson, hefir enn eigi náð 18 ára aldri, og hefir hann samkvæmt framlögðum vottorðum í málinu, þar á meðal frá sóknarpresti hans og kennara, hegðað sér vel og siðvandlega, allt þar til hann lenti í framangreindum félagsskap, við samákærða Magnús Vilhelmsson. Þá er á það að líta, að framkoma hans og hegðun undir rannsókn málsins hefir verið hin prúðasta. Framantalin afbrot hans ber að réttarins álit að heimfæra undir 4. lið 231. gr. hegningarlaganna og 1. mgr. 6. gr. laga nr. 51/1928, sbr. 55. gr. og 63. gr. hegningarlaganna.

Með hliðsjón af 38. gr. hegningarlaganna og framangreindri hegðun hans, þykir refsing sú, er hann hefir til unnið hæfilega ákveðin 7 mánaða betrunarhússvinna.

Afbrot ákærðu, Hallfríðar Kristínar Guðmundsdóttir, ber að réttarins áliti að heimfæra undir 240. gr. alm. hegningarlaga, og þykir refsing sú er hún hefir til unnið eftir atvikum hæfilega ákveðin 25 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Sakir æsku ákærðs, Jóns R. Jóhannssonar, og annara framangreindra málsbóta þykir mega ákveða, að refsing hans sé skilorðsbundin samkvæmt lögum nr. 39/1907. Ennfremur þykir með tilliti til þess að afbrot Hallfríðar K. Guðmundsdóttur er fyrsta brot hennar og að hún er lagskona Magnúsar Vilhelmssonar og honum allmikið háð, mega ákveða að refsing hennar sé skilorðsbundin samkvæmt ofangreindum lögum.

Með tilvisun til framangreindra iðgjaldakrafna, sem ákærðu hafa samþykkt að réttar séu, ber að dæma ákærða Jón R. Jóhannsson til að greiða Gísla Benjamínssyni verzlunarmanni í Hofsós kr. 1.50, en ákærða Jón R. Jóhannsson og Magnús Vilhelmsson til þess in solidum að greiða Kaupfélagi Fellshrepps í Hofsósi kr. 95.65 í iðgjöld.

Ákærðu Magnús Vilhelmsson og Hallfríður K. Guðmundsdóttir greiði in solidum gæzluvarðhaldskostnað sinn og málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns síns, síra Pálma Þóróddssonar prests í Hofsósi, er ákveðast 30 krónur. Svo greiði og ákærði Jón R. Jóhannsson, sérstaklega hinum skipaða talsmanni sínum Jóni hreppstjóra Konráðssyni í Bæ málsvarnarlaun, er þykja hæfilega ákveðin 25 krónur.

Allan annan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað greiði öll hin ákærðu in solidum.

Í rannsóknargerðum málsins er gerð grein fyrir þeim drætti er varð á loknun rannsóknarinnar og höfðun máls þessa. Hefir í máli þessu enginn óþarfur dráttur orðið.